

Stjórn Sorpu bs.

Ár 2018, föstudaginn 4. maí, var haldinn 390. stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins og hófst hann kl.07:30. Fundarstjóri: Halldór Auðar Svansson stjórnarformaður. Viðstödd: Halldór Auðar Svansson stjórnarformaður, Guðmundur Geirdal, Bjarni Torfi Álfþórsson, Sturla Þorsteinsson, Rósa Guðbjartsdóttir og Kolbrún Þorsteinsdóttir. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur og Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Tekið fyrir:

1. Framkvæmdastjóri kynnir niðurstöðu Mannvits á samanburði tilboða sem bárust í byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar en tilboð voru opnuð 17. apríl sl. Að lokinni yfirferð eru tilboðstölur þannig:

Bjóðandi	Upphæð með vsk.	Hlutfall af lægsta
Ístak	4.116.008.927	100,0%
ÍAV	4.149.481.748	100,8%
Munck	4.476.838.986	108,8%

Engir fyrirvarar eru í tilboðum. Stjórn felur framkvæmdastjóra að semja við lægstbjóðana um verkið.

2. Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir minnisblað um fjármögnun á byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar. Stjórn felur framkvæmdastjóra að efna til útboðs á fjármögnun verkefnisins. Jafnframt verði óskað eftir framlagi sveitarfélaganna til verkefnisins á árinu 2018 alls 350 milljónum króna og árið 2019 alls 200 milljónum króna. Hluttur hvers sveitarfélags er í samræmi við íbúafjölda.
3. Kynnt drög að samningi stjórnar SORPU bs. við innri endurskoðanda þar sem samningur við pwc er framlengdur til áramóta 2018/2019. Stjórnarformanni falið að ganga frá samningnum.
4. Stjórnarformaður greinir frá undirritun viljayfirlýsingar sorpsamlaganna á Suðvesturlandi (SORPA bs., Sorpstöð Suðurlands bs., Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf. og Sorpurðun Vesturlands hf.) sem undirrituð var 26. apríl sl.:

Kröfur er varða úrgangsmál, bæði yfirvalda og íbúa, verða sífellt flóknari og strangari. Því er mikilvægt að stöðugt sé leitað hagkvæmra og umhverfisvænna leiða við meðhöndlun úrgangs. Úrgangur er málefni allra og því nauðsynlegt að sorpsamlögin á svæðinu sameinist um lausnir eins og kostur er, þ.e. að hver og einn leggi sitt til lausna sem nýst geti öðrum. Þannig verði hámarks hagkvæmni náð um leið og sem minnst umhverfisleg áhrif úrgangsmeðhöndlunar verða tryggð. Stjórnir SORPU bs., Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf., Sorpstöðvar Suðurlands bs., og Sorpurðunar Vesturlands hf., lýsa því yfir eindregnum vilja þessara aðila til að vinna enn frekar að samstarfsmálum, og mögulega eftir atvikum sameiningarmálum, þessara félaga með hagsmunum heildarinnar í huga. Í framhaldi af samþykkt þessarar yfirlýsingar verði unnið eins hratt og kostur er við að greina hvað lausnir hvert sorpsamlag getur lagt til á sínu svæði, með það að markmiði að sem flestar þessara lausna verði tilbúnar eða undirbúningur þeirra langt kominn fyrir árslok árið 2020.

5. Næsti fundur ákveðinn miðvikudaginn 23. maí kl. 07:30

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið klukkan 08:30

Halldór Auðar Svansson

Guðmundur Geirdal
Rósa Guðbjartsdóttir
Kolbrún G. Þorsteinsdóttir

Sturla Þorsteinsson
Bjarni Torfi Álfþórsson